

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 130/2011

2012/EES/15/08

frá 2. desember 2011

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2011 frá 21. október 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 253/2011 frá 15. mars 2011 um breytingu á XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/296/ESB frá 21. maí 2010 um að taka saman skrá yfir sæfiefni <sup>(3)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):  
„– **32011 R 0253**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 253/2011 frá 15. mars 2011 (Stjtið. ESB L 69, 16.3.2011, bls. 7).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12zy (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/675/ESB):  
„12zz. **32010 D 0296**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/296/ESB frá 21. maí 2010 um að taka saman skrá yfir sæfiefni (Stjtið. ESB L 126, 22.5.2010, bls. 26).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 253/2011 og ákvörðunar 2010/296/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 80, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 69, 16.3.2011, bls. 7.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 126, 22.5.2010, bls. 26.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kurt Jäger***

formaður.